

Fundargerð

23. Fundur hjá landbúnaðarnefnd Stykkishólmsbæjar þriðjudaginn 26. febrúar 2013, haldinn í Ráðhúsinu, Hafnargötu 3, kl. 20:00.

Mætt voru:

Hermann Guðmundsson, Lárus Franz Hallfreðsson og Helga Guðmundsdóttir.

Formaður setti fundinn.

Dagskrá:

1. Tillaga Lárusar Á. Hannessonar um að nýta hluta bæjarlandsins sem sauðfjárbeitarlands. Landbúnaðarnefnd tekur jákvætt í að skoðað verði hvort hægt sé að beita sauðfé á svæði innan bæjarmakanna. Þar með eru talin svæði sem verið er að slá vegna lúpínueyðingar.
2. Aðalefni fundarins er umfjöllun um frumdrög bæjaryfirvalda (liðir 1-13) í Stykkishólmi að samþykkt um Nýræktina og frístundabúskap.

Athugasemdir landbúnaðarnefndar um lið 1-13.

1. Leggjum til að nota alifuglarækt í stað fiðurræktar.
- 2.- 8. Þessir liðir eru að mati landbúnaðarnefndar ótímabærir þar sem landið er í erfðafestuleigu hjá Ræktunarfélagi Stykkishólms og liggur því ekki á lausu. Gera mætti könnuna á þörf fyrir land undir framangreinda starfsemi og útvega land ef þurfa þykir.
9. Nefndin telur að húsakostur megi vera allt af 100 m² og að útilokað sé að fjarlægja hús af leigulóðum vegna eigendaskipta.
11. Nefndin sér ekki þörf á að takmarka fjölda og alls ekki á fiðurfé nema reynsla sýni frammá annað.
12. Nefndin telur æskilegt að lóðir tengist vatni og rafmagni.
13. Að gilda beri sömu reglur og um aðrar lóðir innan bæjarmarka.

Fleira ekki gjört og fundi slitið.

Helga Guðmundsdóttir, fundarritari (sign.)

Lárus Frans Hallfreðsson (sign.)

Hermann Guðmundsson (sign.)